



Rangárfing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 3. desember 2020
Tilvísun: 202011073 / 5.1

Efni: Breyting á starfsleyfi Fiskeldi Matorku ehf. - beiðni um umsögn


Matorka ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 3. desember 2020, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Rangárfing ytra gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Rangárfing ytra telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að gögn málsins eru einvörðungu send út rafrænt, að umsagnarbeiðninni undanskilinni.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. desember 2020 og einnig á tölvupóstföngin: jon.smari.jonsson@skipulag.is og skipulag@skipulag.is


Jon Smári Jónsson